# Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

## Stækkun íbúðarsvæðis ÍB9

Sveitarfélagið Hornafjörður




GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:15.000

N




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:15.000

N



AÐALSKIPULAG Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030




### Greinargerð

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar leggur til að breyting verði gerð á gildandi aðalskipulagi sem felur í sér að íbúðarbyggð ÍB9 stækkar til norðurs um 10 m við óbyggt svæði við Dalbraut og íþróttasvæði ÍÞ2 minnkar að sama skapi.

Markmiðið með breytingunni er að hafa möguleika á rýmri byggingarreitum fyrir fjölbýlishús austast við Dalbraut.

### Breyting á aðalskipulagi

Gerð er breyting á þéttbýlisuppdrætti Höfn/Nesjahverfi og greinargerð.

Gerð er breyting á greinargerð, töflu 14.1 Íbúðarsvæði á Höfn og töflu 23.1 Íþróttasvæði á Höfn og Nesjum.

*Tafla íbúðarbyggðar fyrir breytingu*

| ÍB-NR | SVÆÐI OG SKILMÁLAR | STÆRÐ | FJÖLDI ÍBÚÐA | ÞÉTTLEIKI |
|---|---|---|---|---|
| ÍB 9 | Íbúðarsvæði vestan Hafnarbrautar, norðan Litlubrúar. Gróin byggð – þétting og viðbætur á forsendum byggðarmynstursins. | 35,4 ha | 370-410 | 12 íb/ha |

*Tafla íþróttasvæða fyrir breytingu*

| ÍÞ-NR. | SVÆÐI | LÝSING |
|---|---|---|
| ÍÞ 2 | Golfvöllur á Silfurnesi | Skipulagður golfvöllur og aðstaða sem rekstri hans og golfklúbbsins fylgir, þ.m.t. byggingar. 39 ha. |

*Tafla íbúðarbyggðar eftir breytingu*

| ÍB-NR | SVÆÐI OG SKILMÁLAR | STÆRÐ | FJÖLDI ÍBÚÐA | ÞÉTTLEIKI |
|---|---|---|---|---|
| ÍB 9 | Íbúðarsvæði vestan Hafnarbrautar, norðan Litlubrúar. Gróin byggð – þétting og viðbætur á forsendum byggðarmynstursins. | 35,5 ha | 370-410 | 12 íb/ha |

*Tafla íþróttasvæða eftir breytingu*

| ÍÞ-NR. | SVÆÐI | LÝSING |
|---|---|---|
| ÍÞ 2 | Golfvöllur á Silfurnesi | Skipulagður golfvöllur og aðstaða sem rekstri hans og golfklúbbsins fylgir, þ.m.t. byggingar. 38,9 ha. |

Á aðalskipulagsuppdrætti er íbúðarbyggðin ÍB9 stækkuð um 10 m til norðurs sem samsvarar 0,1 ha og Íþróttasvæðið ÍÞ2 minnkar að sama skapi.

### Umhverfisáhrif

Breytingin hefur mjög óveruleg umhverfisáhrif. Með breytingunni er möguleiki á að koma fyrir fjölbýlishúsalóðum í jaðri íbúðarbyggðarinnar við Dalbraut. Umferð að svæðinu eykst en breytingin mun ekki leiða til meiri umferðar innan hverfisins og áhrif á hljóðvist og öryggi því metið óverulegt. Ásýnd breytist frá núverandi byggð við byggingu fjölbýlishúsa en ekki umfram það sem heimilt er að byggja skv. gildandi aðalskipulagi og búast má við innan þéttbýlismarka enda eru þegar einbýlis-, tví- og þríbýlishús þegar í hverfinu.

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í umhverfis- og skipulagsnefnd þann 23.01.2023.

og í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 08.02.2023.

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

23. mars 2023

EFLA

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030
Stækkun íbúðarsvæðis ÍB9
Breyting á aðalskipulagi

| VERK: | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
|---|---|---|---|
| 2525-020 | A3 | AB | ÁJ |
| MÆLIKVARÐI: | DAGS: | DAGS.BREYT: | |
| 1:15.000 | 27.01.2023 | | |

SAMÞYKKT: